

## Myndlist

eftir BRAGA  
ÁSGEIRSSON

John Singer Sargent:  
„The Triumph of Realism“.

Richard Lindner: „Alban Berg's Lulu“.

# „Poster Art USA“

Í göngum Kjarvalsstaða hefur verið komið fyrir allmörgum veggspjöldum, og lífga þau mjög mikið upp á annars þungt og grámóskulegt umhverfi. Eg vil vekja sérstaka athygli á þessu framtaki, vegna þess að hér er um að ræða háþróaða listgrein, sem ekki nema að takmörkuðu leyti hefur náð að festa rætur hérlendis. Menn hafa þó í síauknum mæli orðið varir við, að veggspjöld séu sett upp í glugga verzlana, í hótélum, veitingastöðum og opinberum stöðum, og þá oftast í tilefni athafna á sviði íþróttar, leik- eða myndlistar. Sjaldnast er þó um sérlega eiginlega framleiðslu að ræða en inn á milli birtast þó veggspjöld, sem bera af og hvarvetna mundu sóma sér.

Veggspjaldalist á að baki nærri aldalanngar þróunarferil og hefur frá öndverðu haft þýðingarmiklu hlutverki að gegna varðandi útbreiðslu og áróður fyrir menningarlífi í stórborgum heimsins. Allir, sem til útlanda hafa komið, og á annað borð hafa gíst stórborgir, hafa tekið eftir sívöllum turnum á gangstéttum, sem þaktir eru hvers konar veggspjöldum. Þá eru einnig ákveðnir veggir húsa ætlaðir slíkum spjöldum og vinsælt er að líma þau upp á grindverk ýmiss konar. Veggspjöldin lífga mjög upp á borgarbraginn enda standa þau yfirleitt stutt við og hin sjónræna mynd er blasir við vegfarendum er því sibreytileg og þessi athafnasemi er löngu samgróin öllu stórborgarlífi, sem fæstir vildu vera án.


Hérlendis er það töluverð áhætta sem er falin í því að ráðast í gerð vandaðs veggspjalds, t.d. í sambandi við myndlistarsýningar, kostnaðurinn er mikill og þess sala takmörkuð, því að ennþá hefur það ekki komist í hefð að safna slíkum spjöldum til upphengingar í heimahúsum eða einfaldlega til varðveislu. Þá fylgja

því einnig nokkur leiðindi, því að það eru engir sérstakir staðir sem eru ætlaðir slíkum veggspjöldum. Hefði t.d. að ósekju mátt hugsa fyrir slíku í biðskýlinu við Hlemm, og á Lækjartorgi mætti einnig gjarnan setja upp sivalning, sem einvörðungu væri ætlaður fyrir veggspjöld. Þá er nóg til af ómurlægum veggjum, sem mundu lifna við ef grænt ljós væri gefið fyrir álimingu veggspjalds. Má t.d. nefna það, að öllu farsælla hefði verið að leyfa slíka athafnasemi á vegg hegningarhússins við Skólavörðustíg í stað þeirrar ómyndar er á hann hefur verið klínt og á víst að heita veggskreyting(!), en er í hróplegu ósamræmi við umhverfið og það svo mjög, að farsælast væri að mála yfir hana sem fyrst og útbúa þess í stað rými fyrir veggspjöld.

Myndlistarmenn þekkja það, að þeir lenda iðulega í stappi við að fá að setja upp veggspjöld sín og því er það aðkallandi hér, að komið verði skipulagi á þessi mál og gæti t.d. einhver auglýsingastofan tekið að sér að dreifa veggspjöldum á ákveðna staði í bænum og um leið sjá um að fyllstu smekkvísi sé gætt.

Sýningunni að Kjarvalsstöðum fylgir ágætur formáli og þykir mér rétt að birta hann hér í heild því að hann skilgreinir skilmerkilega þýðingu og tilgang veggspjalds.

„Eftir tæplega aldarlangan þróunarferil hefur veggspjaldalist náð fullum þroska í gróðurhúsi nútíma borgarlífs. Sterk form veggspjaldsins og liflegir litir vefast saman í auknum styrk og gripa athygli önnur kaffins almennings, í samkeppni við truflanir flókins umhverfis. Til þess að nema boðskap veggspjaldsins þarf aðeins eitt augnablik. Og þó — þrátt fyrir hversu einfalt og beinskeytt það er — skilur það eftir hálfduin áhrif í minningu hvers áhorfanda. Breytir eða staðfestir viðhorf er móta efnas-



Milton Glaser: „Temple University Music Festival“.

hagsleg, menningarleg og stjórnmálaleg hegðunarferli.

Veggspjaldið þróaðist á tímum uppreisnar í listum á síðari hluta nítjándu aldar. Það hefur einkum verið verkfæri baráttumansins — hljóðfæri breytinga, óánægju og frumkvæðis. Það hafði fljótlega mikil áhrif á auglýsingar á tímum nýrrar listar í París, en afl þess sem boðbera og sannfærandi varð mönnum ekki ljóst fyrir en

í heimsstyrjöldinni fyrri. Í þeirri röð af félagslegum kreppum sem síðan hafa gengið yfir hafa listamenn leitað til veggspjaldsins til að hreyfa við myndunarafli fjöldans, til stuðnings margvíslegra krossferða á hendur óréttlætis.

Bandarísk veggspjöld frá fyrri hluta þessa tímabils má flokka í tvo hópa. Auglýsingar á skemmtunum og neysluvörum, sem eiga uppruna sinn í

alþýðulist, og kynningu í útgáfum og sýningum, sem byggja á fordæmi Evrópu. Innflutningur evrópskra hönnuða lagði til yfirgnæfandi áhrif þeirra á stíl bandarískra veggspjalds á árunum milli stríða og það var ekki fyrr en á áratug mótmællanna, þeim sjötta á þessari öld, að óyggjandi bandarísk áhrif náðu fótfestu. Í þeirri kyrrð og ró, sem ríkt hefur hin síðustu ár, hefur nýjum áföngum í frumleika og fjölbreytni verið náð.

Með „POSTER ART USA“ leggjum við fram úrval af nútíma bandarískum veggspjöldum, eftir fáeina af helstu listamönnum landsins.

Meðal þeirra er Milton Glaser, sem er einn af áhrifamestu teiknihönnuðum eftirstríðsáranna. Hann hefur oft verið heiðraður fyrir verk sín, en ef til vill aldrei þó eins og af nemendum Royal College of Art í London, þegar þeir völdu hann sem mestan teiknihönnuð veraldar.“

Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eiga svo sem fram kemur margir kunnustu listamenn Bandaríkjanna verk og er öll prentun og frágangur í algjörum sérflokk, og svo að sjálfsgöðu hin listrænu gæði. Sýningin er fjölbreytileg og spannar vítt svið og ætti að vera mikill lærdómur öllum þeim er vinna að líkum hlutum svo og listamönnum er hyggjast auglýsa sýningar sínar með slíku framtaki. Hinum almenna skoðanda ætti sýningin að vera til yndisauka svo og öllum þeim er leggjá leið sína inn í þetta menningarsetur.

Það er vissulega óhætt að hvetja fólk að skoða þessa sýningu svo og sérsýningar á verkum John Chang McCurdy og M.C. Escher er þar standa nú yfir en þeirra verður getið í blaðinu fljótlega.

Ber svo að þakka hámenningarlegt framtak.

Bragi Ásgeirsson.